

# The Project Gutenberg eBook of Húsabætur á sveitabæjum: Uppdrættir og áætlanir

This ebook is for the use of anyone anywhere in the United States and most other parts of the world at no cost and with almost no restrictions whatsoever. You may copy it, give it away or re-use it under the terms of the Project Gutenberg License included with this ebook or online at [www.gutenberg.org](http://www.gutenberg.org). If you are not located in the United States, you'll have to check the laws of the country where you are located before using this eBook.

Title: Húsabætur á sveitabæjum: Uppdrættir og áætlanir


Author: Jón Sveinsson

Release date: November 29, 2006 [eBook #19960]

Language: Icelandic

Credits: Produced by Jóhannes Birgir Jenson, Lissa Potter and the Online Distributed Proofreaders Europe at <http://dp.rastko.net>

\*\*\* START OF THE PROJECT GUTENBERG EBOOK HÚSABÆTUR Á SVEITABÆJUM:  
UPPDRÆTTIR OG ÁÆTLANIR \*\*\*



## **Húsabætur á sveitabæjum.**

### **Uppdrættir og áætlanir eptir Jón Sveinsson, trjesmið**

**Landskjálftasamskotanefndin í Reykjavík (frá 1896) hefir prenta látið**

**Reykjavík.**

**Ísafoldarprentsmiðja**

**1898.**

Sýnilega ber tíminn það með sjer, að menn láta sjer almennt mestu varða að bæta hýbýli sín; þeir sjá orðið og sýna, að ekki verður bætt úr því tjóni, sem torfbæirnir hafa í för með sjer, með neinu öðru en velgerðum og hentugum timburhúsum, að þau borga sig hlutfallslega innan skamms, og að vert sje að klífa til þess þrítugan hamarinn.

Tilgangurinn með uppdráttum þessum og áætlunum er því sá, að þeim, sem vilja koma sjer upp timburhúsum í stað torfbæja, gefist kostur á nokkrum leiðbeiningum, sem gæti orðið þeim til stuðnings að ýmsu leyti, svo sem til sparnaðar, betri hagnýtingar á efni og rúmi, og að því er

snertir ýmislegt fyrirkomulag og þægindi á húsinu við afnot þess, til traustleika og skjóls o.s.frv.

Að helztu menn í hreppi hverjum kynni sjer sem bezt uppdrætti þessa og áætlanir, er eigi einungis þeim sjálfum gott, heldur áriðandi fyrir hreppinn, þar sem þeir munu bæði skilja bezt, hver not geta að þeim orðið, og þeir eru leiðtogar og hvatamenn sveitunga sinna.

Uppdrættir og áætlanir eru:

af húsi A, B, C, D, E og F, og

af baðstofuhúsi nr. 1, nr. 2 og nr. 3.

Aptan við hverja áætlun eru ýmsar athuganir, og bent á ýms áriðandi atriði viðvíkjandi uppdrættinum næst á undan, og er mjög áriðandi, að menn gjöri sjer ljósa grein fyrir þeim afbrögðum, sem talað er um að gjöra megi frá sjálfum uppdráttunum.

## Húsið A

### 6×8 álnir.

	<i><b>kr. a.</b></i>
<i><b>Máttarviðir.</b></i>	
2 trje í aurslár (fótstykki) 16 feta 5×5 þml., fetið á 14 aura	448
10 trje í gólfslár og bita 12 feta 5×5 þml., fetið á 14 aura	1680
4 trje í sillur og »lausholt« 16 feta 4×4 þml., fetið á 10 aura	640
8 trje í grindina 12 feta 4×4 þml., fetið á 10 aura	960
2 trje í grindina 13 feta 4×4 þml., fetið á 10 aura	260
20 trje í stafi og sperrur 9 feta 4×4 þml., fetið á 10 aura	1800
8 trje í skástoðir 10 feta 4×4 þml., fetið á 10 aura	800
<i><b>Plankar.</b></i>	
6 battingsplankar 12 feta 2×4 þml., fetið á 5 aura	360
8 battingsplankar í gluggakistur 14 feta 2×5 þml., fetið á 6 aura	672
<i><b>Borðviður.</b></i>	
9 tylftir af plægðum borðum, óhefl. 14 feta 5/4×6 þml., tylftin á kr. 10,00	9000
5 tylftir af plægðum borðum, óhefl. 12 feta 5/4×5 þml., tylftin á kr. 8,57	4285
14 tylftir af sænskum þilborðum 14 feta 3/4×4 þml., tylftin á kr. 6,00	8400
3 tylftir af málsborðum 12 feta 5/4×7 þml., tylftin á kr. 9,00	2700
3 tylftir af málsborðum 14 feta 1×7 þml., tylftin á kr. 9,00	2700
4 tylftir af strik. og plægð. þilborðum 14 feta 5/4×6 þml., tylftin á kr. 11,00	4400
4 tylftir af gólfborðum 16 feta 5/4×6 þml., tylftin á kr. 12,00	4800
1 tylft af gólflistum (Fodpanel) á 6 kr., 1 tylft af dyra og gluggalistum (gerikt) á 6 kr.	1200
<i><b>Pappi og fleira.</b></i>	
335 □ álnir af pappa (Panelpap), al. á 8 aura	2680
Naglar: 3 þús. 4 þml. á 2,30; 2 þús. 3 þml. á 1,20; 6 þús. 2 þml. á 0,65; 1 þús. 1-½ þml. á 0,40; 1 þús. 1 þml. á 0,25; 1 þús. 2-½ þml. á 0,90; 1 þús. ½ þml. á 0,15; 5 þús. af pappasum á 0,25	1615
12 rúður 14×14 þml. á 0,30 og 12 ruður 12×12 þml. á 0,25	660
5 pd. kitti á 0,18; 2 stofuskrár á 1,50; 3 klefaskrár á 0,65; 2 klinkur á 1,50	885
4 pör galvaníseraðar gluggahjörur á 0,40	160
10 pd. zinkhvíta á 0,28	280
1 pd. svartur farfi á 0,35; 2 pd. rauður farfi á 0,35	105
10 pottar fernisolía á 0,70	700
Reykháfur 9 áln. á 5,50=49,50. Eða 550 danskir múrsteinar á 5 a.27,50; kalk 12,00; vinnulaun 10,00	4950
Þakjárn: 40 plötur 6 feta á 1,50; 38 plötur 7 feta á 1,75	12650
Þakjárnsnaglar 800 á 70 a. hdr., og blýhringir á 2 kr.	760
1000 galvaníser. 1-½ þml. naglar	175
Hurðarhjörur: 6 pör á 40 a., 1 par (ytri) á 65 a., 1 gross skráfur 80 a.	385
1 eldavjel með 3 pottstæðum og vatnskatli	2600
1 hitavjel með 1 pottstæði, ferstrend, á 4 fötum	1000
4 reykþípur (járnrör) með knje á, 68 a. hver	272
6 áln. beinar reykþípur á 1,30 alinin	780
2 reykhurðir á 1,15; 1 hreinsunarhurð á 1,00; 3 krókar á 0,20	390
Smíðakaup	<u>17000</u>

Kjallari undir eldhúsi og búi (eða öllu húsinu) 2 áln. 6 þml. neðanjarðar, 18 þml. ofanjarðar, eins og grunnurinn segir til.

Aurslár, gólfslár og bitar með 5×5 þml. gildleika; allir aðrir viðir í grindinni 4×4 þml., nema 2×4 þml. í skúrinn, þó 4×4 þml. í undirgrindinni í skúrnunum.

Undir lopt niðri 3-½ alin (undir bita), stafir 9 fet á hæð og sperruleggir sömul. 9 fet.

Öll milliþil í húsinu einföld, úr 5/4 þml. borðum, strikuðum og plægðum. Þrjár óstrikaðar spjaldahurðir: 1 niðri, 2 uppi.

Frá hitavjelinni í stofunni má leggja reykþípu (járnþípu) upp um loptið, til þess að veita hita í efra herbergið, og láta hana liggja inn í reykháfinn 8 þml. frá þaki.

Upp í grindina milli þilja skal troðið fornu heyi, en óskemmdu þó og vel þurru, eða þá vel þurru reiðing og moldarlausum. Utan á grindina skulu lögð 5/4 þml. borð, þurr og plægð, en óhefluð, og pappi þar utan yfir, næst járninu. Innan á grindina skal einnig leggja pappa og þilja síðan innan með strikuðum þilborðum, 5/8 eða ¾ þml. á þykkt. Sami borðviður í þak (undir járníð) og vegg. Leggja skal vel þurrt og moldarlaust torf milli sperra, festa því þar með þverlistum, er klemmt sje milli sperrukjálkanna, og mega þeir (listarnir) ekki standa inn af sperrunum. Þá skal negla pappa innan á sperrurnar og þilja síðan innan með plægðum þilborðum.

Tvö aðalherbergin skulu máluð og gluggar allir þrímálaðir utan og innan. Hin herbergin ferniseruð tvívegis, nema geymsluherbergi.

Í heilu gluggunum 14×14 þml. rúður, en hinum 12×12 þml. Allt járníð nr. 24.

Hafa má auðvitað skúr við báðar hliðar hússins að endilöngu. Þá breytist auðvitað áætlunin nokkuð. Og þá verður að færa búrgluggann á eldhússtafinn. Þá verður allt loptið uppi ein baðstofa. Stiginn má vera þar sem hann er á myndinni, en reykháfinn verður að færa út í aðra hliðina, eins og sýnt er á [baðstofuhúsinu nr. 1](#).

## Húsið B.

### 7×9 álnir.

<i><b>Máttarviðir.</b></i>	<i><b>kr. a.</b></i>
2 trje í aurslár (fótstykki) 18 feta 5×5 þml., fetið á 14 aura	504
10 trje í gólfslár og bita 14 feta 5×5 þml., fetið á 14 aura	1960
3 trje í sillur og »lausholt« 18 feta 4×4 þml., fetið á 10 aura	720
8 trje í grindina 14 feta 4×4 þml., fetið á 10 aura	1120
2 trje í grindina 15 feta 4×4 þml., fetið á 10 aura	300
20 trje í stafi og sperrur 10 feta 4×4 þml., fetið á 10 aura	2000
8 trje í skástoðir 11 feta 4×4 þml., fetið á 10 aura	880
<i><b>Plankar.</b></i>	
6 battingsplankar 14 feta 2×4 þml., fetið á 5 aura	420
9 plankar í gluggakistur 14 feta 2×5 þml. fetið á 6 aura	756
<i><b>Borðviður.</b></i>	
18 tylftir af plægðum borðum, óhefl., 12 feta 5/4×5 þml., tylftin á kr. 8,57	15426
21 tylft af sænskum þilborðum 12 feta ¾×4 þml., tylftin á kr. 5,00	10500
4 tylftir af málsborðum 14 feta 5/4×7 þml., tylftin á kr. 9,00	3600
3-½ tylft af málsborðum 14 feta 1×7 þml., tylftin á kr. 8,00	2800
5 tylftir af strik. og plægð. þilborðum 14 feta 5/4×6 þml., tylftin á kr. 11,00	5500
8 tylftir af gólfborðum 12 feta 5/4×6 þml., tylftin á kr. 8,25	6600
1 tylft af gólflistum (Fodpanel) á 6 kr., 1 tylft af dyra- og gluggalistum (gerikt) á 6 kr.	1200
<i><b>Pappi og fleira.</b></i>	
420 □ álnir af pappa (Panelpap), al. á 8 aura	3360
Naglar: 4 þús. 4 þml. á 2,30; 2 þús. 3 þml. á 1,20; 7 þús. 2 þml. á 0,65; 1 þús. 1-½ þml. á 0,40; 1 þús. 1 þml. á 0,25; 4 þús. 2-½ þml. á 0,90; 1 þús. ½ þml. á 0,15; 5 þús. af pappasum á 0,25	2310
18 rúður 14×14 þml. á 0,30 og 14 rúður 12×12 þml. á 0,25	890
5 pd. kítta á 0,18; 2 stofuskrár á 1,50; 3 klefaskrár á 0,65; 3 klinkur á 1,50	1035
3 pör galvaníseraðar gluggahjörur á 0,40	120
10 pd. zinkhvíta á 0,28	280
1 pd. svartur farfi á 0,35; 2 pd. rauður farfi á 0,35	105
15 pottar fernisolía á 0,70	1050
Reykháfur: 9 áln. á 5,50=49,50. Eða 550 danskir múrsteinar á 5 a. 27,50; kalk 12,00; vinnulaun 10,00	4950

Þakjárn: 90 plötur 7 feta á 1,75	15750
Þakjárnsnaglar 950 á 70 a. hdr., og blýhringir á kr. 2,25	890
1000 galvaníser. 1-½ þml. naglar	175
Hurðarhjörur: 6 pör á 40 a., 2 pör (ytri) á 65 a, 1 gross skrufur 80 a.	450
1 eldavjel með 3 pottstæðum og vatnskatli	2600
1 hitavjel með 1 pottstæði, ferstrend, á 4 fótum	1000
4 reykþípur (járnrör) með knje á, 68 a. hver	272
6 áln. beinar reykþípur á 1,30 alinin	780
2 reykhurðir á 1,15; 1 hreinsunarhurð á 1,00; 3 krókar á 0,20	390
Smíðakaup	2200
	<u>112693</u>

Sömu aths. eiga við um þetta hús og húsið A, nema hvað stafir og sperrur verða að sínu leyti lengri—3 áln. 16 þml. undir bita í húsinu B.

Herbergjaskipunin í þessu húsi sama og í húsi A, en herbergin öll stærri og 2 gluggar á stofunni. Hafa má stofuna niðri styttri, ef vill, og leggja til lengdarinnar á búri og eldhúsi á báðum húsunum (A og B).

Hafa má loptið uppi óhólfað sundur, í baðstofu stað, en færa þá reykháf og búrglugga eins og á A; hafa svo geymsluskúra við báðar hliðar hússins eptir endilöngu.

Úr gangi þeim, sem gengið er inn í gegn um skúr til eldhúss, geta einnig verið dyr til stofu. Skúrinn þeim mun lengri.

Sje loptið einungis notað fyrir baðstofu (óhólfað sundur), verður áætlunin nálægt 40 kr. lægri, og hafa þá 1 heilan glugga á stafni, í stað tveggja hálfra (á myndinni). Þilja fyrir uppganginn alla leið upp undir þak, með hurð á, sem fellur inn í baðstofuna.

## Húsið C

### 9×10 álnir.

<i>Máttarviðir.</i>	<i>kr. a.</i>
2 trje í aurslár (fótstykki) 20 feta 5×5 þml., fetið á 14 aura	560
12 trje í gólfslár og bita 18 feta 5×5 þml., fetið á 14 aura	3024
4 trje í sillur og »lausholt« 20 feta 4×4 þml., fetið á 10 aura	800
2 trje í sama 19 feta 4×4 þml., fetið á 10 a.	380
10 trje í grindina 16 feta 4×4 þml., fetið á 10 aura	1600
6 trje í grindina 11 feta 4×4 þml., fetið á 10 aura	660
19 trje í stafi og sperrur 10 feta 4×4 þml., fetið á 10 aura	1900
12 trje í skástoðir 12 feta 4×4 þml., fetið á 10 aura	1680
<i>Plankar.</i>	
8 pl. 14 feta 2×4 þml., fetið á 5 aura	560
8 pl. 16 feta 2×5 þml., fetið á 6 aura	768
<i>Borðviður.</i>	
21 tylft af plægðum borðum, óhefl., 12 feta 5/4×6 þml., tylftin á kr. 8,25	17325
26 tylftir af sænskum þilborðum 11 feta 5/8×4 þml., tylftin á kr. 4,59	11934
5 tylftir af málsborðum 14 feta 5/4×7 þml., tylftin á kr. 9,00	4500
5 tylftir af málsborðum 14 feta 1×7 þml., tylftin á kr. 8,00	4000
12 tylftir af strik. og plægð. þilborðum 8 feta 5/4×6 þml., tylftin á kr. 6,28	7536
15 tylftir af gólfborðum 10 feta 5/4×6 þml., tylftin á kr. 6,88	10320
2 tylftir af gólflistum (Fodpanel) 12 feta á 6 kr., 2 tylftir af dyra- og gluggalistum (gerikt)	2400
12 feta á 6 kr.	
<i>Pappi og fleira.</i>	
500 □ álnir af pappi (Panelpap), al. á 8 aura	4000
Naglar: 5 þús. 4 þml. á 2,30; 3 þús. 3 þml. á 1,20; 8 þús. 2 þml. á 0,65; 2 þús. 1-½ þml. á 0,40; 1 þús. 1 þml. á 0,25; 5 þús. 2-½ þml. á 0,90; 1 þús. ½ þml. á 0,15; 6 þús. af pappasum á 0,25	2750
54 rúður 14×15 þml. á 0,30	1620
8 pd. kítta á 0,18; 8 stofuskrár á 1,50; 3 klefaskrár á 0,65; 2 klinkur á 1,50	1839
7 pör galvaníseraðar gluggahjörur á 0,40	280
10 pd. zinkhvíta á 0,28	280
2 pd. svartur farfi á 0,35; 3 pd. rauður farfi á 0,35	175
25 pottar fernisolía á 0,70	1750
Reykháfur: 560 danskir múrsteinar á 5 a. 28,00; kalk 12,00; vinnulaun 10,00	5000

Þakjárn: 23 plötur 6 feta á 1,50, 68 plötur 7 feta á 1,75, 45 plötur 8 feta á 2,00	243 50
Þakjárnsnaglar 1450 á 70 a. hdr., og blýhringir á kr. 2,25	1240
1000 galvaníser. 1-½ þml. naglar	175
Hurðarhjörur: 12 pör á 40 a., 1 par (ytri) á 65 a., 1 gross skrufur 80 a.	625
1 eldavjel með 3 pottstæðum og vatnskatli	2600
1 hitavjel með 1 pottstæði, ferstrend, á 4 fótum	1000
4 reykþípur (járnrör) með knje á, 68 a. hver	272
6 áln. beinar reykþípur á 1,30 alinin	780
2 reykhurðir á 1,15; 1 hreinsunarhurð á 1,00; 3 krókar á 0,20	390
Smíðakaup	325 00
	<u>151573</u>

Sama um þetta hús að segja að öðru leyti og húsið A. Einfalt lopt, allir milliveggir einfaldir, stofan niðri sje máluð og forstofan. Allir gluggar þrímálaðir. Hin herbergin ferníseruð. Undir bita 3 áln. 16 þml.

Í áætluninni er gjört ráð fyrir að hita sje veitt úr herberginu niðri upp um loptið upp í baðstofu með beinu járnþípunum.

Vilji menn hafa geymsluskúra fyrir báðum endum hússins, eins og það er breitt til, verður að hafa forstofudyrnar á hlið hússins (hinum megin hornsins, við það sem þær nú eru).

## Húsið D.

### **10×10-½ alin.**

<i>Máttarviðir.</i>	<i>kr. a.</i>
2 trje í aurslár (fótstykki) 21 fet 5×5 þml., fetið á 14 aura	584
12 trje í gólfslár og bita 20 feta 5×5 þml., fetið á 14 aura	3360
2 trje í sillur og »lausholt« 21 fet 4×4-½ þml., fetið á 12 aura	504
4 trje í sama 21 fets 4-½×4-½ þml., fetið á 12 aura	1008
12 trje í grindina 14 feta 4-½×4-½ þml., fetið á 12 aura	2016
6 trje í grindina 12 feta 4-½×4-½ þml., fetið á 12 aura	864
21 trje í stafi og sperrur 11 feta 4-½×4-½ þml., fetið á 12 aura	2772
17 trje í skástoðir 16 feta 4-½×4-½ þml., fetið á 12 aura	3264
<i>Plankar.</i>	
8 plankar 14 feta 2×4 þml., fetið á 5 aura	560
10 plankar 15 feta 2×7 þml., fetið á 10 aura	1500
<i>Borðviður.</i>	
18 tylftir af plægðum borðum, óhefl., 10 feta 5/4×6 þml., tylftin á kr. 6,88	13072
11 tylftir af samskonar borðum 11 feta á 7,57	8327
40 tylftir af sænskum þilborðum 11 feta 5/8×4 þml., tylftin á kr. 4,59	18360
4 tylftir af samskonar borðum 12 feta 5,00	2000
7 tylftir af málsborðum 14 feta 5/4×7 þml., tylftin á kr. 9,00	6300
7 tylftir af málsborðum 14 feta 1×7 þml., tylftin á kr. 8,00	5600
13 tylftir af strik. og plægð. þilborðum 8 feta 5/4×6 þml., tylftin á kr. 6,28	8164
6 tylftir af gólfborðum 10 feta 5/4×6 þml., tylftin á kr. 6,88	4128
8 tylftir af samskonar borðum á 7,65	6120
2 tylftir af gólflistum (Fodpanel) 12 feta á 6 kr., 2 tylftir af dyra og gluggalistum (gerikt) á 6 kr	2400
<i>Pappi og fleira.</i>	
640 □ álnir af pappi (Panelpap), al. á 8 aura	5120
Naglar: 4 þús. 4 þml. á 2,30; 3 þús. 3 þml. á 1,20; 9 þús. 2 þml. á 0,65; 2 þús. 1-½ þml. á 0,40; 1 þús. 1 þml. á 0,25; 5 þús. 2-½ þml. á 0,90; 1 þús. ½ þml. á 0,15; 7 þús. af pappasaum á 0,25	2610
54 rúður 14×15 þml. á 0,30	1620
8 pd. kítta á 0,18; 7 stofuskrár á 1,50; 3 klefaskrár á 0,65; 2 klinkur á 1,50	1589
7 pör galvaníseraðar gluggahjörur á 0,40	280
10 pd. zinkhvíta á 0,28	280
2 pd. svartur farfi á 0,35; 3 pd. rauður farfi á 0,35	175
25 pottar fernisolía á 0,70	1750
Reykháfur: 570 danskir múrsteinar á 5 a. 28,50; kalk 12,00; vinnulaun 10,00	5050
Þakjárn: 71 plata 8 feta á 2,00; 40 pl. 7 f. á 1,75; 44 pl. 6 feta á 1,50	27800
Þakjárnsnaglar 1550 á 70 a. hdr., og blýhringir á kr. 2,75	1360
1000 galvaníser. 1-½ þml. naglar	175
Hurðarhjörur: 11 pör á 40 a., 1 par (ytri) á 65 a., 1 gross skrufur 80 a.	585

1 eldavjel með 3 pottstæðum og vatnskatli	3000
1 hitavjel með 1 pottstæði, sívöl, á 4 fótum	1000
4 reykþípur (járnrör) með knje á, 68 a. hver	272
6 áln. beinar reykþípur á 1,30 alinin	780
2 reykhurðir á 1,15; 1 hreinsunarhurð á 1,00; 3 krókar á 0,20	390
Smíðakaup	34000
	178739

*Aths.* Þilið milli stofu og eldhúss tvöfalt. Stofa og forstofa með þiljulopti, og hið eina, sem málað verður; hitt ferníserað. Skúr 2-½×3-½ al. Hita veitt frá stofu til kvennaerbergisins.

Með fram annari hlið hússins má hafa geymsluskúr. Þilið milli vinnuhjúa (karla og kvenna) má nema burt, ef vill, og hafa þar baðstofu yfir um þvert húsið, líkt og á húsinu C, og dyr til baðstofu gegnt stiganum. Vilji menn halda millipílinu, en þó spara ljós, má hafa op á þílinu fyrir lampa, er lýsir bæði herbergin í senn.

Sjá að öðru leyti aths. við húsið A.

## Húsið E.

### 10×11-½ alin.

	<i>kr. a.</i>
<b>Máttarviðir.</b>	
2 trje í aurslár (fótstykki) 23 feta 5×5 þml., fetið á 14 aura	644
14 trje í gólfslár og bita 20 feta 5×5 þml., fetið á 14 aura	3920
4 trje í sillur og »lausholt« 23 feta 4×4-½ þml., fetið á 12 aura	1104
2 trje í sama 21 fets 4-½×4-½ þml., fetið á 12 aura	504
14 trje í grindina 14 feta 4×4 þml., fetið á 10 aura	1960
7 trje í grindina 10 feta 4×4 þml., fetið á 10 aura	700
21 trje í stafi og sperrur 11 feta 4-½×4-½ þml., og 7 trje 12 feta 4-½×4-½ þml., fetið á 12 aura	4044
16 trje í skástoðir 16 feta 4-½×4-½ þml., fetið á 12 aura	2560
2 trje 23 feta, 2 trje 19 feta og 4 trje 18 feta 4×4 þml., fetið á 10 a.	1560
<b>Plankar.</b>	
8 plankar 14 feta 2×4 þml., fetið á 5 aura	560
10 plankar 15 feta 2×7 þml., fetid á 10 aura	1500
<b>Borðviður.</b>	
19 tylftir af plægðum borðum, óhefl., 12 feta 5/4×6 þml., tylftin á kr. 8,25	15675
11 tylftir af samskonar borðum 11 feta á 7,57	8327
46 tylftir af sænskum þilborðum 11 feta 5/8×4 þml., tylftin á kr. 4,59	21114
13 tylftir af samskonar borðum 8 feta á 3,35	4355
7 tylftir af samskonar borðum 12 feta 5,00	3500
7 tylftir af málsborðum 14 feta 5/4×7 þml., tylftin á kr. 9,00	6300
7 tylftir af málsborðum 14 feta 1×7 þml., tylftin á kr. 8,00	5600
12 tylftir af strik. og plægð. þilborðum 8 feta 5/4×6 þml., tylftin á kr. 6,28	7536
8 tylftir af gólfborðum 12 feta 5/4×6 þml., tylftin á kr. 8,25	6600
6 tylftir af samskonar borðum 11 feta á 7,65	4590
2-½ tylft af góflistum (Fodpanel) 12 feta á 6 kr., 2-½ tylft af dyra- og gluggalistum (gerikt) á 6 kr.	3000
<b>Pappi og fleira.</b>	
680 □ álnir af pappa (Panelpap), al. á 8 aura	5440
Naglar: 6 þús. 4 þml. á 2,30; 3 þús. 3 þml. á 1,20; 10 þús. 2 þml. á 0,65; 2 þús. 1-½ þml. á 0,40; 1 þús. 1þml. á 0,25; 5 þús. 2-½ þml. á 0,90; 1 þús. ½ þml. á 0,15; 8 þús. af pappasaum á 0,25	3160
66 rúður 14×15 þml. á 0,30	1980
10 pd. kítta á 0,18; 13 stofuskrár á 1,50; 2 klefaskrár á 0,65; 2 klinkur á 1,50	2560
8 pör galvaníseraðar gluggahjörur á 0,40	320
20 pd. zinkhvíta á 0,28	560
4 pd. svartur farfi á 0,35; 5 pd. rauður farfi á 0,35	315
40 pottar fernisolía á 0,70	2800
Reykháfur: 600 danskir múrsteinar á 5 a. 30,00; kalk og vinnulaun 25,00	5500
Þakjárn: 73 plötur 8 feta á 2,00; 42 pl. 7 f. á. 1,75; 46 pl. 6 feta á 1,50	28850
Þakjárnsnaglar 1650 á 70 a. hdr., og blýhringir á kr. 3,00	1455
1000 galvaníser. 1-½ þml. naglar	175
Hurðarhjörur: 15 pör á 40 a., 1 par (ytri) á 65 a., 2 gross skrúfur 80 a.	825
1 eldavjel með 3 pottstæðum og vatnskatli	3000



1 hitavjel með 1 pottstæði, sívöl, á 4 fótum	1000
2 hitavjelar á 15,00	3000
10 reykþípur (járnror) með knje á, 68 a. hver	680
10 áln. beinar reykþípur á 1,30 alinin	1300
1 reykhurð á 1,15; 1 hreinsunarhurð á 1,00; 3 krókar á 0,20; 1 þakgluggi á 6,00	875
Smíðakaup	45000
	214448

Báðar stofurnar, forstofa og skrifstofa með þiljulopti; tvöfalt þil eptir miðju húsi endilöngu og þvers um milli stofu og eldhúss. Grind í milliveggjum, sperrur og skambitar úr 4×4 þml. trjám, annarsstaðar úr 4-½×4-½ þml.; bitar og gólfslár úr 5×5 þml. trjám. Mála þarf forstofu, skrifstofu og báðar stofurnar niðri. Annað ferníserað. Einn þakgluggi, sem lýsa á geymsluherbergið, ef vill; annars rúða á þili yfir stiganum.

Til þess að fá geymsluskúr með allri norðurhlið hússins (E), verður að hafa þá glugga, sem eru á stofunni (til sömu hliðar og eldhúsið) á stafni hússins (hægra megin, er gengið er inn í forstofuna), og veit þá sá stafn í austur. Taka má skúr þann í burt, sem er á uppdrættinum, og hafa innganginn til eldhúss í vesturenda skúrsins og þá þegar á hægri hönd inn í eldhúsið. Fellur þá hurðin inn í eldhúsið á sama stað og hún nú er, en til hægri: en stiginn er til vinstri handar.

## Húsið F.

### 11×12-½ alin.

<i>Máttarviðir.</i>	<i>kr. a.</i>
2 trje 25 feta 5×5 þml. og 16 trje 22 f. 5×5 þ. á 0.14	5628
6 trje 25 feta 4-½×4-½ þuml. og 2 trje 23 feta 4-½×4-½ þuml á 12 a.	2352
4 trje 22 f. 4-½×4-½ þuml. og 3 trje 20 feta 4-½×4-½ þuml. á 12 a.	1776
24 trje 11 feta 4-½×4-½ þuml. og 6 trje 12 feta 4-½×4-½ þuml. á 12 a.	4032
7 trje 13 feta 4×4 þml. og 14 trje 16 feta 4×4 þml. á 10 a.	3150
9 trje 8 feta 4×4 þml. og 4 trje 10 feta 4×4 þuml. á 10 a.	1120
2 trje 14 feta 4×4 þuml. á 10 a.	280
<i>Plankar.</i>	
8 pl. 14 f. 2×4 þuml. á 5 a., og 13 pl. 15 f. 2×7 þ á 10 a.	2510
<i>Borðviður.</i>	
11 tylftir 11 f. 6×5/4 þml., plægð, óhefl., á 7 57	8327
11 tylftir 12 f. 6×5/4 þml., plægð, óhefl., á 8 25	9075
12 tylftir 13 f. 6×5/4 þml., plægð, óhefl., á 8 95	10740
23 tylftir 12 f. sænsk þiljuborð 4×5/8 þml. 5 00	11500
30 tylftir 11 f. sænsk þiljuborð 4×5/8 þml. 4 59	13770
13 tylftir 8 f. sænsk þiljuborð á 3 35	4355
7 tylftir 12 f. sænsk þiljuborð á 5 00	3500
15 tylftir 8 f. plægð millipils borð 6×5/4 þml. á 6 28	9420
8 tylftir óunnin borð 14 f. 7×5/4 þml. á 9 00	7200
8 tylftir óunnin borð 14 f. 7×1 þml. á 8 00	6400
23 tylftir gólfborð 12 f. 6×5/4 þml á 8 25	18975
9 tylftir gólfborð 13 f. 6×5/4 þml. á 8,89	8001
3 tylftir gólflista á 6,00, 3 tylftir hurða, og gluggalistar á 6,00	3600
<i>Pappi og fleira.</i>	
750 □ álnir af pappa (Panelpap), al. á 8 aura	6000
Naglar: 7 þús. 4 þml. á 2,30; 3 þús. 3 þml. á 1,20; 11 þús. 2 þml. á 0,65; 3 þús. 1-½ þml. á 0,40; 1 þús. 1 þml. á 0,25; 5 þús. 2-½ þml. á 0,90; 1 þús. ½ þml. á 0,15; 9 þús. af pappasaum á 0,25	3520
56 rúður 15×16 þml. á 0,30 og 20 rúður 12×12 þml. á 0,25	2180
12 pd. kitti á 0,18; 12 stofuskrár á 1,60; 3 klefaskrár á 0,65; 3 klinkur á 1,50	1053
10 pör galvaníseraðar gluggahjörur á 0,40	400
30 pd. zinkhvíta á 0,28	840
5 pd. svartur farfi á 0,35; 5 pd. rauður farfi á 0,35; 3 pd. blár farfi á 0,35	455
50 pt. fernísolía á 0,70	3500
Reykháfur: 600 múrsteinar á 5 a. 30,50; kalk 15,00; vinnulaun 14,00	5900
Þakjárn: 150 plötur 8 feta á 2,00	30000
2 þakgluggar á 6,00	1200
Þakjárnsnaglar 1600 á 70 a. hndr., og blýhringir á 4 kr.	1520
3000 galvaníser. 1-½ þml. naglar á 1,75	525
Hurðarhjörur: 16 pör á 40 a., 2 pör (ytri) á 65 a., 2 gross skrúfur 80 a.	930

1 eldavjel með vatnskatli	3500
3 hitavjelar á 15 kr.	4500
10 reykþípur (járnrör) með knje á, 68 a. hver	680
12 áln. beinar reykþípur á 1,30 al.	1560
6 reykhurð á 1,15; 1 hreinsunarhurð á 1,00; 3 krókar á 0,20	275
Smíðakaup	4900
	<u>253249</u>

Hita veitt frá dagl. stofu til kvennherbergis uppi. Sperrur, skambbitar og tvöföldu veggirnir úr 4×4 þml. viðum. Niðri allt málað, nema eldhús og búr, og ekki heldur haft þil neðan á bita í búi og eldhúsi. Svefnherbergi hjóna málað, hin ferníseruð. Tvöföld millipil eptir því sem uppdrátturinn segir til, 1 þakgluggi yfir geymsluklefa og gangi. Á skúrnum 2 dyr, kjallari undir eldhúsi og búi eða allri stærð hússins. Gólfslár og bitar úr 5×5 þml. við. Hæð undir bita 4 ál.

Í skrifstofunni er gjört ráð fyrir steinolíuofni. Rúður í aðalgluggunum 16×15. Vængjahurðir milli stofanna, Annað eptir því sem segir við húsið A. Plægt lopt á skambbitum 5/4 þml. þykktheftað og þiljað á þá að neðan.

Vilji menn hafa skúra við hús F., ætti búrglugginn að færast á sömu hlið hússins sem eldhúsglugginn; skúr fyrir hinum stafninum og gangur þar í gegn til forstofu. Verða þá geymsluskúrar þvert fyrir báðum stöfnum hússins og framhlið snúð hvort heldur vill til austurs eða vesturs. Brotið þak má hafa, ef líkar, en þá missist það geymslupláss, sem ella fengist.

Breyta má, ef vill, hjúahýbýlunum og hafa baðstofu þvert yfir alla breidd hússins, líkt og á húsinu E.

## Baðstofuhús nr. 1

**6×9 álnir.**

	<b>kr. a.</b>
3 trje 18 feta 4×5 þml., 5 trje 20 feta 4×5 þml. á 10 a.	1848
3 trje 18 feta 4×4 þml., 3 trje 12 feta 4×4 þml. á 10 a.	900
23 trje 7 feta 4×4 þml., 8 trje 8 feta 4×4 þml. á 10 a.	2250
40 plankar 8 feta 2×4 þml., á 5 a.	1600
6 plankar 14 feta 2×6 þml. á 9 a.	756
15 tylftir 12 feta borð 6×5/4 þml., plægð, óhefluð á 8,25	12375
5-½ tylft 12 feta borð 6×5/4 þml. í gólf á 8,50	4675
22 tylftir 12 feta borð 4 þml. í þiljur á 5,00	11000
4-½ tylft 7 feta borð 6×5/4 þml., strikuð og plægð í millipil á 5,50	2475
3 tylftir 6 álna 7×5/4 þml. borð, óunnin, á 8,57	2571
3 tylftir 7 álna 7×1 þml. borð, á 8,57	2571
482 □ álnir pappa á 8 a.	3856
72 þakjárnspötur 8 feta á 2 kr., 3 plötur 8 feta sljett á 2 kr.	15000
750 af þaksaum á 70 a., 4 þús. 4 þml. 2 30, 2 þús. 3 þml. 1,20, 1 þús. 2-½ þml. á 90 a., 7 þús. 2 þml. á 65 a., 1 þús. 1-½ þml. á 40 a., 1 þús. 1 þml. á 25 a., 1 þús. ½ þml. á 15 a., 6 þús. af pappasaum á 25 a.	2460
10 pd. af zinki á 35 a., 6 pd. kítta á 18 a., 5 pd. blýhvíta á 28 a.	598
1 þús. galv. 1-½ þml. saumur á 1,75, 1 klinka á 1,50, 5 pt. af fernis á 70 a.	675
5 pör galv. gluggahjörur á 40 a., 3 stofuskrár á 2,25, 2 klefaskrár á 65 a.	1005
6 pör hurðarhjörur á 40 a., 1 par ytri hjörur á 65 a., 1 gross skrufur á 80 a.	385
Gler, eldavjel, reykþípur, hreinsunarhurð og 2 reykhurðir	4460
Reykháfur, með vinnu	3500
Smíðakaup	16500
	<u>Samtals 91459</u>

Á þessu húsi ætti framstafinn að snúa í vestur. Kjallari undir allri baðstofunni, ef svo sýnist. Einn gluggi á suðurhlið. Aurslár og gólfslár 4×5 þml. Sillur, stafir og skástoðir 4×4 þml. Öll lausholt og sperrur 2×4 þml. Ekki má vera meira bil milli sperra en mátulegt fyrir eina torfubreidd. Eldavjelin sje vel þjett (frálaus), höfð í eldhúsi á sumrum, en baðstofu á vetrum, og lengja í reykþípunum. Troða heyi eða negla reiðing upp í millivegginn og þiljur beggja megin.

Þök og útveggir skulu gerðir eptir þeim reglum, som gefnar eru við hús A.

Sje skúr hafður til beggja hliða við baðstofu, verður lagið á húsi nr. 1 eins og á nr. 2. Með því fæst gott geymslurúm, bærinn verður traustari og að mun snotrari og kostnaðarminni að tiltölu.

## Baðstofuhús nr. 2.



## 13×6-½ alin.

	<i>kr. a.</i>
8 trje 32 feta, 4 trje 26 feta 4×5 þml. á, 12 a.	4320
4 trje 26 feta, 4 trje 13 feta 4×4 þml. á 10 a.	1560
32 trje 8 feta, 8 trje 9 feta 4×4 þml. á 10 a.	3280
45 plankar 10 feta, 28 pl. 9 feta 2×4 þml. á 5 a.	3510
9 plankar 14 feta 2×6 þml. á 9 a.	1134
6 tylftir 14 feta borð á 9,92; 6 tylftir 12 feta gólfborð á 8,50	11052
7 tylftir 14 feta borð á 9,63, 21 tylftir 12 feta borð plægð, en óhefluð á 8,25	24066
5 tylftir 8 feta borð í millipil, strikuð og plægð, á 6,29	3145
4 tylftir 12 feta borð 7×5/4 þml. óhefl., 4 tylftir 14 feta borð 7×1 þml. óhefl. 8,57	6856
20 tylftir þiljuborð 12 feta 4 þml. 5,00, 52 tylftir 8 feta þiljuborð á 3,39	27368
940 □ al. af pappa á 8 a.	7568
148 þakjárnspötur á 2.00, 1600 naglar á 70 a.	30720
6 þús. 4 þml. á 2,30, 2 þús. 3. þml. á 1,20, 3 þús. 2-½ þml. á 0,90, 9 þús. 2 þml. 0,65 a., 1 þús. 1-½ þml. á 0,40 a., 1 þús. 1 þml. á 0,25 a., 1 þús. ½ þml. á 0,15 a., 9 þús. af pappasaum á 0,25 a., 2 þús. af galvanís. 1-½ þml. nögl. á 1,75	3130
10 pd. zinkhv. á 0,35 a., 6. pd. kitti á 0,18 a., 5 pd. blýhvítu á 0,28	598
1 klinka 1,50, 5 pt. fernisolía á 70 a.	500
7 pör galv. gluggahjörur á 40 a., 5 stofuskrár á 2,25	1405
2 klefaskrár á 65 a., 6 pör hurðarhjörur á 40 a.	370
2 pör ytri hjörur á 65 a., 1 gross skráfur á 80 a.	210
Gler, eldavjel, reykþípur, hreinsunarhurð og 2 reykðurir	5000
Reykháfur, með vinnu	4000
Smíðakaup	25000

Samtals: 164792

Á húsinu nr. 2 ætti framstafninn að snúa í suður. Sje annar endi baðstofunnar þiljaður af, kemur gluggi á þakið austanvert.

Hita má fá í baðstofuna á vetrum, með því að eldavjelin sje flutt inn. Einnig getur reyksháfurinn verið í sama stað í húsinu nr. 2 sem í nr. 1, og hitanum hagað þar eptir. Glugga a húsi og skemmu má hafa á hliðum hússins.

Reykhlíf við reyksháfinn beggja megin. Öll önnur gerð sem við hús nr. 1

Á húsi nr. 2 má ef vill setja port á baðstofuna og hækka þakið, láta bita yfir og gólf, til þess að hafa baðstofu uppi; þilja síðan þá baðstofu, sem er á uppdrættinum, í sundur, fyrir stofu, eldhús og búr, en hafa skúrana til geymslu, inngangs í húsið, fyrir svefnherbergi og fleira.

### **Baðstofuhús nr. 3.**

#### **10×25 áln.**

Þetta hús er einungis fyrir stór-heimili og mun reynast mjög þægilegt, hver sem það notar. Kjallari undir skemmu eða þinghúsi, hvort heldur vill öllu eða nokkrum hluta þess, og beinn stigi úr eldhúsi og niður úr ganginum, sem sjá má á uppdrættinum.

Skúr má hafa norðanvert við skemmu og búr, nema það sem gluggarnir ná til, en hafa má plankagirðing milli skúranna (með hurð) til hlífðar húsinu, ef vill.

Um ytri gerð þessa baðstofuhúss gilda sömu reglur og húsið A.

Þar sem uppdráttur af húsi nr. 3 verður notaður, er gjört ráð fyrir, að stór bær sje rofinn, og notað úr honum allt óskemmt efni, sem líkindi eru til að verði að mun, og smíðurinn gjöri grein fyrir því efni, sem vantar til húsgjörðarinnar. Þykir því engin brýn nauðsyn á sundurliðaðri áætlun.

### **Nokkrar reglur fyrir húsagerð í sveit og víðar.**

Grunnurinn sje sem þjettast og beinast hlaðinn og úr sem stærstu grjóti, vel bundinn og jafn-stór utanmáli grindarinnar; grafinn niður fyrir öll frost (4 fet), grunnstæðið lárjett og jafnfast í sjer (þar sem því verður við komið). Sje vatnsagi nálægt hússtæðinu, verður að veita vatninu burt með lokræsum nokkuð frá húsgrunninum; ella mundi það fljótt valda kulda og raka í húsinu og feyja það. Húsgrunnar sje minnst 18 þml. ofan jarðar.

Þar sem enginn er kjallari undir íbúðarherbergjum, er gott að flóra neðan undir gólfslárnar, síðan

hafa mól smækkandi upp eptir, 3 þml. lag af þurri ösku þar ofan á, og efst uppi undir gólfið álíka lag af vel þurru, en fornu heyi. Þá mun gólfið haldast þurrt og enginn gólfkaldi í herbergjunum. Þetta á við þar, sem jarðlagið er þurrt, en þurrkgrindur neðan undir aurslánnum, þar sem raklent er, sem má opna á sumrum.

Sje kjallari undir þeim herbergjum, sem búið er í, er mikils virði, að haft sje gott millilopt (Indskud) með 2-½ þml. þykku lagi af leir. Mun það varna raka og kulda frá kjallaranum upp gegn um gólfið. Sje kjallari hlaðinn á klöpp, en vatnsagi á klöppinni undan veggnum, virðist bezt, að renna sje höggvin í klöppina með öllum þeim vegg, og við næsta vegg ræsi, hvort heldur höggvið í klöpp, eða grafið niður fyrir og hlaðið, unz komið er að þeim stað, sem hallar mest frá eða jarðlagið er mýkst. Þekja svo yfir ræsið með þurrum hellum, svo smágrjót og mól yfir kjallarann, um 4 þml. á þykkt. 3 til 4 þml. lag af mulning og þá sement ( $\frac{3}{4}$  sandur) jafnað yfir með trjehnyðju, seinast lag af sement ( $\frac{2}{3}$  sandur). Sje uppganga víða í gólfinu, þarf að grafa fyrir ræsum og veita vatninu út undir veggina, að þeim stað, sem mest hallar frá húsinu. Þekja svo yfir ræsin með hellum o.s.frv., eins og áður er getið.

